



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir,
aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Akureyri, 16. apríl 2021
MÍ202104-0023/ 6.09 / S.G.

Umsögn um deiliskipulag fyrir Pálsgarð og Útgarð á Húsavík.

Með tölvupósti sendum 7. apríl óskaði aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulag fyrir Pálsgarð og Útgarð á Húsavík, meðfylgjandi var skipulagsuppdráttur og greinargerð, dagsett 12. mars 2021. Svæðið er alls 0,65 ha. og er staðsett nyrst á miðbæjarsvæði Húsavíkur. Það afmarkast af Útgarði í norðri, Pálsgarði í suðri og austri og Ketilsbraut í vestri. Innan svæðisins eru 3 lóðir og hefur nú þegar verið byggt á tveimur þeirra.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir Húsavík sjá Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2002) Fornleifaskráning á Húsavík. Fornleifastofnun Íslands, FS166-01171. Fornleifaskráningin uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningu en gefur engu að síður góða hugmynd um dreifingu minja. Engar skráðar minjar eru á ofangreindum skipulagsreit. Minjavörður kannaði svæðið á vettvangi vegna umsagnar um deiliskipulagslýsinguna sjá umsögn dagsetta 27. október (MÍ202010-0011/ 6.09 / S.G).

Engar þekktar fornleifar eru á skipulagsreitnum og hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við deiliskipulagið eins og það var kynnt stofnuninni

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megj úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megj fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:
Skipulagsstofnun